

Stefán Einar Stefánsson

Málefnalegt manngreinarálit?

Fjölmargin hefur verið ritað og rætt um þá sérstæðu atburði sem áttu sér stað í íslensku samfélagi síðustu mánuði og sagan vitnar nú um. Ýmislegt af því sem lagt hefur verið til málanna hefur verið á málefnalegum grunni reist, en því miður má benda á margt í umræðunni sem betur hefði aldrei komið fyrir sjónir landsmanna. Vissulega er öllum frjálst að tjá skoðanir sínar og miðla þeirri sýn sem reynsla þeirra og staða gerir þeim kleift að veita og meta, en það þýðir ekki endilega að allar séu þær af hinu góða. Menn hafa ekki varið tjáningarfrelsið með oddi og egg einvörðungu vegna góðra skoðana, heldur vegna þess frelsis sem hverjum manni er ætlað að njóta til orðs og æðis.

Svo djúpstæð áhrif hefur fall bankanna og þjóðfélagskreppan sem því fylgdi haft, að nokkrar bækur hafa nú þegar litið dagsins ljós sem taka á þessum ógnvænlega samtímaviðburði. Þær eru misjafnar að stærð og gerð og margt bendir til þess að markmið þeirra sé ólíkt. Í þessari grein er ekki ætlunin að brjóta til mergjar efni og innihald þeirra sem slíkra, heldur gera að umfjöllunarefni grein sem birtist í *Fréttablaðinu* hinn 18. júní síðastliðinn og bar yfirskriftina „Fjórar bækur um hrun“. Þar skrifar Þorvaldur Gylfason, prófessor, pistil um fjórar bækur

sem komið hafa út á síðustu misserum. Gerir hann þeim skil á sína vísu. Tel ég að útlitun hans og umfjöllun sé mjög ábótavant og að gagnrýni hans sé í hæsta máta ómálefnaleg. Bendir margt til þess að gagnrýni hans beinist fremur að ákveðnum persónum en því innihaldi sem bækurnar hafa að geyma. Er sú gagnrýni afar persónuleg og gerir allt annað en að gefa rétta mynd af umfjöllunarefni bókanna.

Bækurnar fjórar

Í fyrsta lagi fjallar Þorvaldur um bók Ólafs Arnarsonar, *Sofandi að feigðarósi*, en hún hefur vakið mikla athygli fyrir efnistöð og þær ályktanir sem höfundur dregur af ástæðum þess að svo fór sem fór. Þá tekur hann til umfjöllunar bók sagnfræðingsins dr. Guðna Th. Jóhannessonar sem ber titilinn *Hrunið*. Hún er víðamest þeirra bóka sem út hafa komið um hinar efnahagslegu hamfarir. Þriðja bókin sem Þorvaldur nefnir til sögunnar er svo bók Þorkels Sigurlaugssonar, *Ný framtíðarsýn*, en af ýmsum ástæðum er umfjöllunin um hana mjög einkennileg og mun ég gera það að sérstöku umtalsefni hér að neðan. Að lokum fjallar Þorvaldur um bók Jóns

F. Thoroddsen sem ber hinn hnyttna og grípandi titil: *Íslenska efnahagsundrið – Flugeldahagfræði fyrir byrjendur*.

Sjálfstæðisflokkurinn og hrúnið

Í bókinni *Sofandi að feigðarósi* er nokkuð dökkri mynd varpað fram af Sjálfstæðisflokknum og þá ekki síst fyrrverandi formanni hans, Davíð Oddssyni. Telur höfundur að þeim manni megi kenna um flest það sem aflaga fór á síðustu árum og þá ekki síst eftir að sá og hinn sami tók við embætti seðlabankastjóra árið 2005. Slíkur söngur lætur vel í eyruum Þorvaldar, enda er óbeit hans á Davíð Oddssyni alþekkt og hafa pistlar hans í *Fréttablaðinu* oftast en ekki fjallað um það hversu illa hinn síðarnefndi hefur leikið þjóð sína. Hefur sú afstaða Þorvaldar m.a. birst í því er hann tók undir orð Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings, og hvatti til rannsóknar á því hvort forysta Seðlabankans hefði leikið upplýsingum um bankann til fjölmiðla og þá um leið brotið landslög (*Fréttablaðið* 26. febrúar 2009).

Í gagnrýni sinni tekur Þorvaldur einnig undir þau orð Ólafs Arnarsonar að hrúnið hafi í raun ekki stafað af „glannaskap útrásarvíkinga“ heldur miklu fremur orðið að veruleika vegna „sjúklegs ástands“ Sjálfstæðisflokksins, svo vitnað sé til orða Ólafs. Þegar Þorvaldur hefur vitnað til þessara orða og lýst þeim sem þungamiðju bókarinnar, tekur hann til við það ósmekklega viðfangsefni að draga í efa heilindi og starfsheiður Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, en hann situr eins og kunnugt er í þeirri nefnd sem Alþingi skipaði og hefur með höndum rannsókn á bankahrúninu. En hvaða meðölum beitir Þorvaldur í því skyni. Jú, í ljósi þess að ástand Sjálfstæðisflokksins er „sjúklegt“ og var þess valdandi að hér fór allt í kaldakol, er ekki hægt að treysta manni sem á

unglingsárum sat í stjórn Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, nánar tiltekið á árabílinu 1973–75. Svo sjúkt er ástand flokksins og þar með þjóðarinnar allrar, að mati Þorvaldar, að menn sem eitt sinn hafa tekið þátt í stjórnmalastarfi á vegum fyrrnefnds flokks, jafnvel fyrir meira en þrjátíu árum, eru algjörlega ófærir um að sinna störfum sínum af heilindum og trúmennsku. Því verði að kalla til erlenda sérfræðinga sem ekki séu algjörlega samdauna því kerfi sem allt hafi lagt í rúst og nánast tekist að kenna grandalausum útrásarvíkingum um herlegheitin um leið.

Í lokahluta greinar sinnar bendir Þorvaldur einnig á hina miklu ábyrgð Sjálfstæðisflokksins á öllu því sem aflaga hefur farið hér á landi á síðustu árum. Í umfjöllun sinni um bók Jóns F. Thoroddsen segir hann m.a. að hún reki: „hagsögu síðustu ára í samhengi við liðna tíð. Bókin lýsir hlutverki fjölmargra, sem koma við sögu bankanna, og nefnir nöfn.“ Því skal þó haldið til haga að þessi hagsaga hefur ekki að geyma eina einustu neðanmálsgrein og því síður heimildaskrá. Hvernig slík bók geti með góðu móti rakið hagsögu síðustu ára, hlýtur flestum að vera fyrrmunað að skilja. Þá er einnig rétt að halda því til haga, í ljósi þess að Þorvaldur segir bókina „nefna nöfn“, að Hörður sá sem vísað er til á bls. 67 og gegndi eitt sinn starfi forstjóra hjá Eimskipafélaginu er Sigurgestsson en ekki Sigurgeirsson og framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja heitir alls ekki Friðjón heldur Guðjón, þó rétt sé farið með föðurnafnið í það skiptið (bls. 61). Hægt er að gera þá lágmarkskröfu til sagnaritara, jafnvel þeirra sem skrifa um hagfræði og viðskipti, að þeir fari rétt með nöfn þeirra manna sem þeir sjálfir telja aðalleikara sögu sinnar.

Í fyrrnefndum lokahluta greinarinnar er öllu þúðri eytt í að spyrða saman Bjarna Benediktsson, núverandi formann Sjálfstæðisflokksins, og Hannes Smáráson, hinn

Porkell á betra skilið

UMRÆÐAN

Margeir Pétursson
geir athugasemd
við grein Þorvaldar
Gylfasonar



MARGEIR PÉTURSSON

Það verður ekki hjá því komist að gera alvarlega athugasemd við umfjöllun dr. Þorvaldar Gylfasonar prófessors í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtugund undir fyrirsögninni „Fjórar bækur um hrún“. Þar fjallar hann um nýja bók með eftirfarandi hætti: „Bók Þorkels Sigurlaugssonar, *Ný framtíðarsýn*, er af öðrum toga af

kápunni að dæma. Þar fjallar eitt hvellasta gjallarhorn útrásarinnar um endurreisn efnahagslífsins og bætt viðskiptasíðferði. Ég hef ekki lesið bókina og hef því ekkert meira um hana að segja.“

Þetta er afskaplega ósamngjörn afgreiðsla sem ekki verður unað við af hálfu þeirra sem þekka til starfa og ferlis Þorkels Sigurlaugssonar og hafa þar að auki lesið bók hans. Allt sem Þorkell hefur ritað undanfarna áratugi byggir einmitt á því að vanda þurfi mjög til stjórnunarháttá fyrirtækja og byggja þurfi

þau upp á heilbrigðan hátt. Ég held að ekkert geti verið fjarlægara hans gildum en að hægt sé að ná í skjótfenginn gróða með því að stækka sem hraðast og skuldetja sig sem mest.

Það var einmitt langtimahugsun Þorkels sem viðskiptalífð skorti mjög á árunum 2003-2008, þegar allt virtist svo auðvelt. Þorkell starfaði hjá Eimskip á niunda og tunda áratugnum þegar félagið innleiddi nýja og ágætri stjórnarhætti, sem mörgum urðu fyrirmynd. Hann hefur ávallt haft brennandi áhuga á stjórnun og stefnumótun fyrirtækja og verið ótull við að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Þorkell tók t.d. að sér að

Ég held að ekkert geti verið fjarlægara hans gildum en að hægt sé að ná í skjótfenginn gróða með því að stækka sem hraðast og skuldetja sig sem mest.

koma að stjórnun ýmissa sprota-fyrirtækja og þar þar hæst Marej og Óssur, auk margra annarra. Í gegnum alla þá reynslu þekkir Þorkell manna best að það kostar mikið erfði og fórnir að koma á fót fyrirtæki sem er arðbært og veitir mörgum atvinnu.

Um svipað leyti og nýir menn með nýja síði tóku yfir rekstur

Eimskips sólaði Þorkell um og hóf störf við Háskólann í Reykjavík. Hans viðhorf fóru líka úr tísku í nokkur ár, en nú er hans tími kominn eins og fleiri. Það er gott til þess að hugsa í núverandi erfiðleikum að ungt og menningarfullt fólk geti leitað í smíðu hans. Rit hans *Ný framtíðarsýn* er jákvætt og þarft innlegg í umræðuna um framtíð Íslands, sem allir ættu að kynna sér. Þorkell Sigurlaugsson þekkir mikið mótæti vegna fötlunar, en lætur það ekki á sig fé. Það eru þeir menn sem gefast ekki upp við andstreymi sem vert er að hlusta á núna.

Höfundur er stjórnarformaður MP Banka.

Fleirum en greinarhöfundu blöskruðu skrif Þorvalds Gylfasonar um bók Þorkels Sigurlaugssonar, *Ný framtíðarsýn*. Margeir Pétursson tók m.a. upp hans kann fyrir Þorkel í grein í *Fréttablaðinu*.

ólánssama forstjóra og stjórnarformann FL-Group. Er það gert með því að vísa til stuttaralegrar umfjöllunar Jóns um verðbréfafyrirtækið Burnham International á Íslandi, en þar sátu Hannes og Bjarni í stjórn, allt til þess tíma er fyrirtækið fór á hausinn. Jón og Þorvaldur hafa þó ekki fyrir því að nefna að fyrirtækið hafi keyrt í þrot, heldur er því aðeins haldið til haga að það hafi „misst starfsleyfið.“ Finnst þeim þar engu skipta að starfsleyfið var afturkallað af þeirri einföldu ástæðu að fyrirtækið lenti í rekstrarerfiðleikum og eiginfjárlutfall þess fór undir þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til slíkra fyrirtækja. Ætlar Þorvaldur að halda því fram að það sé í sjálfu sér glæpsamlegt, eða vafasamt, að hafa setið í stjórn félags sem lendir í erfiðleikum vegna aðstæðna á markaði? Umfjöllun Þorvaldar um þessa bók snýr nær eingöngu að umfjöllun Jóns um fyrrnefnt félag (bls. 18) en tekur í engu á öðrum þeim atriðum í bókinni sem þó má telja mun áhugaverðari. Hví skyldi það vera? Ætli það sé vegna þess að þar sé best hægt að koma höggi á flokkinn og þá menn sem Þorvaldi er mest í nöp við?

Gjallarhorn útrásarinnar

Þorvaldur fjallar í nokkrum orðum um bók Þorkels Sigurlaugssonar sem út kom hjá Bókafélaginu Uglu snemma

sumars og segir hana vera „af öðrum toga af kápunni að dæma“ en hinar bækurnar sem hann fjallar um. Það er rétt hjá Þorvaldi en hann hafði reyndar aðeins kápuna til að dæma um það því hann viðurkennir sjálfur að hafa ekki lesið umfjöllunarefni sitt. Maður veltir því fyrir sér hvers vegna hann ákveður að gera hana að sérstöku umfjöllunarefni í grein sinni. Það skýrist hins vegar í setningunni sem á eftir fylgir því þar segir hann með smekklausum hætti, og vísar þar til höfundar: „þar fjallar eitt hvellasta gjallarhorn útrásarinnar um endurreisn efnahagslífsins og bætt viðskiptasíðferði“.

Mörgum hefur blöskrað hvernig Þorvaldur vegur þarna að Þorkatli, enda hefur sá síðarnefndi aldrei talað með þeim hætti að hann verðskuldi nafngiftina „hvellasta gjallarhorn útrásarinnar“. Enda kemur í ljós að Þorvaldur rökstyður í engu þessar dylgjur sínar. Það verður svo reyndar að teljast nokkuð skondið að hann skuli velja þeim manni þetta viðurnefni, sem einmitt vék úr starfi hjá rötgrónasta fjárfestingafélagi landsins þegar það var tekið yfir af helstu útrásarvikingum þjóðarinnar. Þorvaldi er í raun ekki stætt á öðru en að skýra þessi ummæli sín betur, ella biðjast afsökunar á því sem hann hefur sagt í þessa veru!

Þá hefði Þorvaldur eflaust haft gott af því að lesa bók Þorkels, enda er hún af mörgum

talin þarft innlegg í umræðuna um þessar stundir og hefðu fleiri mátt taka framtak hans til fyrirmyndar og vinna að uppbyggilegri umræðu um næstu skref okkar Íslendinga í átt til endurreisnar. Í inngangi að bók sinni segir Þorkell um tilgang hennar:

„Tilgangurinn með bókinni er að benda á að stjórnarhættir stjórnarmanna og stjórnenda og hin efnahagslega umgjörð og eftirlit skiptir sköpum við að byggja upp réttlátt og hagfellt viðskiptaumhverfi.“ (bls. 11).

Ómálefnaleg umfjöllun Þorvaldar um Þorkel er óþarft innlegg til umræðunnar og raunar til vansa. Mikilvægt er að menn vandi sig þegar þeir fella dóma um fólk og á það benti Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP banka í kjölfar umræddrar greinar, svo mjög blöskraði honum níðið (*Fréttablaðið* 24. júní 2009). Vert er að huga að því hvað stórir dómar prófessorsins um bók Þorkels fela í sér. Bera þeir vönduðum vinnubrögðum vott? Er hagfræðingum framtíðarinnar kennt að veða og meta mál með þessum hætti?

Ódýr afgangur

Það var engu líkara en æði hefði gripið um sig þegar JPV gaf út bókina *Hrunið* eftir Guðna Th. Jóhannesson. Bókin rokseldist og allir helstu álitsgjafar gáfu henni frábæra einkunn. Gekk Páll Baldvin Baldvinsson svo langt að tala um hana sem „grundvallarrit“ fyrir þá sem á næstu mánuðum vilja fylla í eyðurnar og átta sig betur á þeirri atburðarás sem við urðum vitni að í kjölfar bankahrunsins. En Þorvaldur Gylfason gefur lítið fyrir þessa bók og segir hana í raun eins og „langt símtal“ þar sem höfundur reki „atburðarásina í belg og biðu, án þess að séð verði, að höfundurinn hafi myndað sér skýra skoðun á viðfangsefninu eða hafi löngun til að draga lærdóma af því.“ Þá heldur hann áfram og segir: „Í bókinni örlar varla á greiningu á orsökum

og afleiðingum hrunsins og ekki heldur á sögulegri sýn á innviði og umhverfi bankanna.“ Þeir sem lesið hafa bók Guðna vita þó að þar er um gagnmerka lýsingu á atburðarás haustsins að ræða. Enda skýrir höfundurinn markmið bókarinnar vel í inngangi að henni en þar segir hann:

„Í þessari bók er greint frá því sem gerðist frá degi til dags þessa mánuði. Öðru hvoru er litið um öxl og minnst á dýpri ástæður þess að svo fór sem fór, án þess að útskýra til hlítar bankahrunið og afleiðingar þess. Til þess er of skammt um liðið ...“

Þá reynir Þorvaldur einnig að kasta rýrð á vinnubrögð og þekkingu Guðna er hann ýjar að því að hann blandi saman innistæðum og skuldum þegar hann gerir skuldbindingar bankanna að umtalsefni. Vísar hann sérstaklega í þeim efnum til texta á síðu 131 í bókinni. Þegar nánar er litið á málið kemur hins vegar í ljós að Guðni hefur fullan skilning á viðfangsefninu og er þar að vísa til fréttar í *Morgunblaðinu* þar sem fjallað var um neyðarlögin íslensku og beitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum þar í landi gegn íslenskum bönkum. Í þeirri umræðu allri veltu menn fyrir sér ábyrgð íslenskra stjórnvalda á bankakerfinu og í hverju hún gæti falist. Það skipti vissulega gríðarlega miklu máli þar sem skuldir bankanna námu um tíu þúsund milljörðum íslenskra króna. Þar var ekki verið að fjalla um innistæðutryggingar sérstaklega eða þá ábyrgð sem innistæðutryggingasjóður hefur í sér fólgni.

Þorvaldi virðist og sárna að Guðni skuli á einum stað í bók sinni benda á að háskólamenn hafi tekið þátt í því að lofsama útrás íslenskra auðmanna. Vísaði hann þar sérstaklega til ummæla dr. Jóns Ólafssonar, prófessors, í þá veru. Kannski er viðkvæmni Þorvaldar af persónulegum toga spunnin, enda er sannleikanum hver sárreiðastur. Þannig er nefnilega mál með vexti að þó Þorvaldur segist sakna

Þess í bók Guðna að ekki skyldi vikið að þeim „háskólamönnum, sem árum saman voruðu við ofvexti bankanna og líklegum afleiðingum þess“, þá minnst Guðni á þá háskólamenn sem vegsömuðu bankana og framgöngu forsvarsmanna þeirra. Þorvaldur vill nefnilega ekki að menn rifji upp ummæli hans sem hann lét falla í árslok 2007, réttu ári áður en bankarnir hrundu. Þar sagði hann sjálfur að bankarnir hefðu „í höndum nýrra eigenda tekið stakkaskiptum á örfáum árum“ og að íslensk bankabjónusta væri orðin að „gróandi útflutningsatvinnuvegi og bankarnir græða á tá og fingri“. Jú, sannleikanum er hver sárreiðastur. Ummæli þessi eru sérstaklega rifjuð upp á síðu 98 í bók Guðna. Má vera að það skýri hinn harða dóm sem bókin fær í meðförum Þorvaldar? Hitt er að minnsta kosti víst að Ásgrímur Elliða-Grímsson hafði á réttu að standa er hann sagði: „Fár bregður hinu betra ef hann veit hið verra.“ Þorvaldur finnur Guðna allt til foráttu í veikri vörn sjálfs sín.

Hvað veldur?

En hvað veldur því í raun að Þorvaldur lofsamar bækur Ólafs og Jóns en lastar bækur Þorkels og Guðna? Allar hafa þessar bækur eitthvað til síns ágætis og engin þeirra er fullkomin en hitt er víst að dómur Þorvaldar yfir þeim er órökstuddur og ómálefnalegur. Flest bendir til þess að persónur, jafnt höfundarnir sem og viðfangsefni þeirra, flækist mjög fyrir Þorvaldi. Þá virðist það skipta sköpum fyrir höfunda hvort þeir vegsama Þorvald sem hinn mikla spámann sem allan tímann varaði við yfirvofandi hruni, eða hvort þeir birta af honum eðlilega mynd þess manns sem einnig klappaði upp bankana og hið „sjúklega ástand“ í rekstri þeirra sem síðar varð þeim að falli. Er það ekki sjálfsgöð krafa að prófessorar við merka þjóðarstofnun, líkt og Háskóli Íslands er, fari í málefnalegt manngreinaralit þegar þeir fjalla um menn á opinberum vettvangi?

Aung San Suu Kyi – jólabók

Líkamlega er hún smávaxin og faguð en andlega og siðferðilega er hún risi,“ segir Desmond Tutu erkibiskup og handhafi friðarverðlauna Nóbels. „Aung San Suu Kyi er nútíma helgimynd siðferðilegs hugrekkis,“ segir rokkstjarnan Bono í U2. „Með því að helga líf sitt baráttunni fyrir mannréttindum og lýðræði í Búrma berst Aung San Suu Kyi ekki aðeins fyrir réttlæti til handa samlöndum sínum heldur öllum þeim sem vilja vera frjálsir til að ákveða eigin örlög,“ segir Vaclav Havel, fyrrverandi forseti Tékklands.

Í rúma tvo áratugi hefur Aung San Suu Kyi, friðarverðlaunahafi Nóbels 1991, verið ein umtaladasta kona heims. Barátta hennar fyrir mannréttindum og lýðræðisumbótum í heimalandi sínu, Búrma, hefur vakið heimsathygli



og addáun. Lýðræðishreyfing hennar vann afgerandi kosningasigur árið 1990 en herforingjastjórnin, sem ræður ríkjum í þessu ógæfusama landi, hefur komist upp með að hundska þau kosningaúrslit í tvo áratugi. Þúsundir óbreyttra borgara hafa verið myrtar og allir helstu stjórnarandstæðingar hafa verið fangelsaðir. Sjálfri hefur Aung San Suu Kyi verið haldið langdvölum í stofufangelsi á heimili sínu í Rangoon og meinað að hafa samskipti við fjölskyldu sína.

– Ein af jólabókunum í ár er bók Jakobs F. Ásgeirssonar, ritstjóra *Þjóðmála*, um þessa einstæðu konu sem vegna hugrekkis síns og hugsjóna varð á fáeinum vikum sameiningartákn þjóðar sinnar andspænis grimmilegri kúgun allsráðandi herforingjaki.